

Skráning Hlutabréfa á
Nasdaq First North
Iceland



First North is a Multilateral Trading Facility (MTF) and does not have the legal status of a regulated market. "Regulated market" is a term used in the Markets in the Financial Instruments Directive (MiFID), regulating securities companies and exchanges in the European Union. According to MiFID, an exchange can, within the framework of a MTF, organize trading with fewer requirements than that required for securities listed on a regulated market. Issuers on First North are subject to the rules of First North but not the requirements for admission to trading on a regulated market. The rules are the same in all First North markets (except for a few small differences due to national law).

Nasdaq First North - Iceland

First North¹ hlutabréfamarkaðurinn er sniðinn að þörfum vaxtarfyrirtækja sem eru að taka sín fyrstu skref á verðbréfamarkaði. First North veitir fyrirtækjum aðgang að þeim kostum sem fylgja því að vera á verðbréfamarkaði.

Nasdaq Iceland býður upp á ýmsa þjónustu sem styður við sýnileika á markaði. Að öðru jöfnu auðveldar skráning aðgengi að fjármagni en skráning er einnig vel til þess fallin að auka trúverðugleika og sýnileika á fyrirtækið.

Hlutverk Nasdaq Iceland er ekki eingöngu fólgið í því að leiðbeina fyrirtækjum í undirbúnings- og skráningarferlinu. Í samvinnu við viðurkennda ráðgjafa stuðlar Nasdaq Iceland að því að fyrirtæki fái sem mest út úr að vera á markaði þann tíma sem þau eru skráð á First North.

Það er veigamikil ákvörðun að skrá fyrirtæki á verðbréfamarkað. Skráningu hlutabréfa á markað fylgja ýmsar skyldur og ýmis kostnaður en einnig fjölmörg tækifæri. Stjórnendur þurfa að vega og meta vandlega hvort fyrirtækið eigi erindi á markað og hvað það hefur í för með sér fyrir fyrirtækið.

Í samanburði við Aðalmarkaðinn eru gerðar minni kröfur á First North til stærðar fyrirtækis og

dreifingar eignarhalds. Skráningarferlið á First North er að öðru jöfnu einfaldara en á Aðalmarkaðnum, auk þess er skylda fyrirtækja til upplýsingagjafar ekki eins viðamikil og á Aðalmarkaðnum.

Viðskipti á First North og Aðalmarkaðnum fara fram í sama viðskiptakerfinu. Samskonar reglur gilda um framkvæmd viðskipta og eftirlit með viðskiptum og uppgjör þeirra er með sama hætti. Einnig dreifir Nasdaq markaðsupplýsingum á sambærilegan hátt til markaðsaðila.

Ákvæði laga um verðbréfiðskipti nr. 108/2007 (lög um verðbréfiðskipti) um meðferð og birtingu innherjaupplýsinga, bann við innherjasvikum og markaðsmisnotkun gilda um hlutabréf sem skráð eru á First North með sama hætti og hlutabréf sem tekin hafa verið til viðskipta á Aðalmarkaðnum.

Í þessum bæklingi finnurðu hagnýtar upplýsingar um skráningu á First North. Nánari upplýsingar má nálgast á vefsetri Nasdaq, www.nasdaqomx.com/firstnorth.

Markmið okkar er að sem flest vaxtarfyrirtæki nýti sér kosti First North til að vaxa og eflast enn meir.

Skráningarsvið Nasdaq Iceland:
listingiceland@nasdaq.com

Af hverju að skrá félag á markað?

Algeng ástæða þess að skrá félag á markað er þörf fyrir fjármagn. Margvíslegar aðrar ástæður en aukið **AÐGENGI AÐ FJÁRFESTUM OG FJÁRMAGNI** geta þó legið að baki þeirri ákvörðun.

Félögum á markaði er skylt að veita mun meiri upplýsingar en almennt er krafist af óskráðum félögum. **AUKNU GAGNSÆI FYLGJA TÆKIFÆRI** – markmið allra skráðra félaga ætti að vera að nýta sér þau tækifæri til fulls.

UPPLÝSINGASKYLDU FYLGJA TÆKIFÆRI /

- Aukinn sýnileiki á fyrirtækið – rekstur, vörur og þjónustu
- Aukinn trúverðugleiki – jákvæð áhrif á ímynd og orðstír
- Gæðastimpill – vönduð upplýsingagiöf laðar að viðskiptavini og birgja
- Góðir stjórnarhættir – laðar að hæft starfsfólk

VERÐMYNDUN Á MARKAÐI FYLGJA TÆKIFÆRI /

- Auðveldar að nota hlutabréfin sem greiðslumiðil – t.d. við kaup á öðrum félögum
- Aukið aðgengi að fjárfestum – breikkar hluthafahópinn
- Aukinn seljanleiki – útgönguleið fyrir hluthafa
- Hlutabréfatengd hvatakerfi – hlutdeild starfsmanna í árangri laðar að hæft starfsfólk

¹ Kauphöll Íslands hf. (Nasdaq Iceland) rekur tvenns konar markað, Nasdaq First North-Iceland (First North) og Aðalmarkaðinn. Nasdaq First North er markaðstorg fjármálagerniga skv. lögum nr. 108/2007 um verðbréfiðskipti. Aðalmarkaðurinn er skipulegur verðbréfamarkaður skv. lögum nr. 110/2007 um kauphallir.

Hverjir koma að ferlinu?

Ýmsir aðilar koma að ferlinu frá því ákveðið er að skrá hlutabréf á First North og þar til Kauphallarbjöllunni er hringt á fyrsta viðskiptadegi. Velja ætti af kostgæfni þá ráðgjafa sem koma að verkefninu og tryggja eins og kostur er að í samningum sé vel lýst til hvaða verkþátta samingurinn nær.

Í flestum tilvikum koma allir eftirtaldir aðilar að ferlinu:

- Viðurkenndur ráðgjafi
- Fjármálafyrirtæki – ef útboð
- Fjármálaeftirlitið
- Nasdaq Iceland
- Verðbréfaskráning Íslands
- Ráðgjafar og aðrir þjónustuaðilar á fagsviði:
 - Endurskoðenda
 - Lögfræðinga
- Ráðgjafar vegna fjárfesta- og almannatengsla

Hvaða skilyrði þarf að uppfylla?

ALMENN SKRÁNINGARSKILYRÐI /

- Skráning þarf að uppfylla það megin skilyrði að hún sé ekki talin líkleg til að draga úr trausti á verðbréfamarkaðnum
- Verðmyndun – nægjanlegur seljanleiki; nægjanlegt framboð á og eftirspurn eftir hlutabréfunum
Almennt lágmarksviðmið:
 - nægjanlegur fjöldi hluthafa sem hver um sig á hlutabréf að upphæð sem jafngildir a.m.k. 500 evrum og
 - að lágmarki 10 prósent hlutafjár í eigu aðila sem hver um sig á beint eða óbeint minna en 10 prósent af hlutafé eða atkvæðisrétti
- Hlutabréfin framseljanleg
- Hlutabréfin rafrænt skráð
- Rekstrarfyrirkomulag sem tryggir að félagið geti uppfyllt kröfur um upplýsingagjöf
- Vefsetur
- Áður en hlutabréfin eru skráð birtir félagið skráningarskjal eða lýsingu þar sem fjallað er um alla þá þætti sem skipta máli við mat á hlutabréfunum – þ.á m. þarf að gera grein fyrir því á hvern hátt ætlunin sé að fjármagna reksturinn yfir a.m.k. 12 mánaða tímabil frá fyrsta viðskiptadegi með hlutabréfin á markaðnum
 - **Skráningarskjal** er birt ef hlutabréf eru ekki boðin til kaups í almennu útboði fyrir skráningu. Í reglum First North er tilgreint hvaða upplýsingar eiga að koma fram í skráningarskjali. Í samburði við lýsingu eru gerðar minni

kröfur til upplýsingagjafar. Kauphöllin yfirfer skráningarskjal m.t.t. skráningarskilyrða.

- **Lýsing** er birt ef hlutabréf eru boðin til kaups í almennu útboði fyrir skráningu. Í lögum um verðbréfavíðskipti og í fylgiskjali I við reglugerð nr. 243/2006 er tilgreint hvaða upplýsingar eiga að koma fram í lýsingu. Fjármálaeftirlitið yfirfer og staðfestir lýsingu m.t.t. laga. Kauphöllin yfirfer lýsingu m.t.t. skráningarskilyrða.

VIÐURKENNDUR RÁÐGJAFI (E. CERTIFIED ADVISER) /

Skráningu á markað fylgja auknar kröfur til stjórnenda, innri ferla og upplýsingagjafar til innra og ytra umhverfis. Félögum sem sækja um skráningu á First North er skylt að gera samning við viðurkenndan ráðgjafa.

Viðurkenndur ráðgjafi er lögaðili sem hefur fengið samþykki Nasdaq Iceland til að hafa milligöngu um skráningu á First North og til að veita stjórnendum leiðbeiningar um upplýsingagjöf þann tíma sem félagið er skráð á markaðnum. Viðurkenndur ráðgjafi sinnir mikilvægu verkefni fyrir félög sem eru skráð á First North.

Veigamikið hlutverk viðurkenndra ráðgjafa er að liðsinna við að standa vörð um gæði og trúverðugleika First North. Skylda viðurkennds ráðgjafa felst m.a. í því að hafa eftirlit með því að stjórnendur sinni upplýsingaskyldunni í samræmi við ákvæði reglna First North. Viðurkenndum ráðgjafa er skylt að upplýsa Nasdaq Iceland án tafar ef félag brýtur gegn reglum.

Viðurkenndir ráðgjafar eru aðilar sem bjóða upp á

þjónustu á sviði fyrirtækjaráðgjafar, s.s. bankar, verðbréfafyrirtæki, endurskoðunarfyrirtæki og lögfræðistofur. Upplýsingar um viðurkennda ráðgjafa má nálgast á vefsetri Nasdaq, www.nasdaqomx.com/firstnorth/certifiedadvisers.

REGLUVÖRÐUR /

Ákvæði laga um verðbréfavíðskipti um meðferð innherjaupplýsinga taka til hlutabréfa sem skráð eru á First North með sama hætti og hlutabréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á Aðalmarkaðnum. Með innherjaupplýsingum er átt við upplýsingar sem ekki hafa verið gerðar opinberar og eru líklegar til að hafa marktæk áhrif á markaðsverð hlutabréfanna ef opinberar væru (sjá nánar XIII. kafla laganna). Markmiðið með löggjöfinni um meðferð innherjaupplýsinga er að standa vörð um gagnsæi og heilindi markaðsins og leggja þannig grunn að eðlilegri virkni hans og tiltrú fjárfesta á fjármálamörkuðum.

Samkvæmt lögum skal stjórn ráða regluvörð. Einstaklingur sem sinnir regluvörslu þarf ekki að vera starfsmaður félagsins. Ekki er heimilt að ráða lögaðila sem regluvörð. Hlutverk regluvarðar er að hafa umsjón með að ákvæðum reglna Fjármálaeftirlitsins um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja sé framfylgt innan félagsins. Eftir sem áður ber stjórn félagsins ábyrgð á eftirliti með að reglunum sé fylgt.

BIRTING UPPLÝSINGA /

Upplýsingar eru drifkraftur virks markaðar. Fjárfestar verða að hafa greiðan aðgang að upplýsingum til að geta metið hlutabréfin sem fjárfestingarkost, þ.á m. upplýsingum um starfsemi félagsins, fjárhagsstöðu og framtíðarhorfur. Fullnægjandi upplýsingagjöf leggur grunn að virkri verðmyndun sem endurspeglar stöðu félagsins á rökréttan hátt í markaðsverði hlutabréfanna. **Upplýsingagjöfin hefur í för með sér sýnileika á félagið**, þeim sýnileika fylgja tækifæri fyrir félagið til að vaxa og dafna á markaði.

Reglur First North um birtingu upplýsinga eru í meginatriðum þær sömu og reglur Aðalmarkaðsins. Lágmarkskröfum, sem skilgreindar eru í lögum og reglum, er ætlað að skapa traust markaðsaðila á viðkomandi viðskiptavettvangi. Oft sjá félög tækifæri í því að hafa upplýsingagjöfina ítarlegri en ákvæði laga og reglna kveða á um.

Gagnsæi í upplýsingagjöf og jafnræði fjárfesta varðandi aðgengi að upplýsingunum eru lykilatriði. Upplýsingar sem félag á markaði birtir skulu vera réttar, viðeigandi og skýrar og á engan hátt



misvísandi. Þær skulu birtar öllum á sama tíma og á sama formi. Til að uppfylla þá lagakröfu þarf að dreifa upplýsingunum í gegnum upplýsingamiðil sem uppfyllir þær kröfur sem settar eru fram í reglum Fjármálaeftirlitsins, ekki nægir að birta þær á vefsetri félagsins.

Í aðdraganda þess að félag fer á markað er mikilvægt að huga að innra skipulagi og ferlum sem eiga að tryggja að upplýsingagjöfin uppfylli ákvæði laga og reglna. **Upplýsingum er ætlað að skapa traust og vernda fjárfesta.** Tilgangurinn með stefnumörkun í upplýsingagjöf er m.a. sá að tryggja samkvæmni og standa þannig vörð um trúverðugleika félagsins. Það hefur sýnt sig að skýr stefna í upplýsingagjöf er öflugt tæki við erfiðar aðstæður. Mikilvægt er að félagið skilgreini hvaða þættir eru meginþættir í rekstrinum og því líklegir til að hafa áhrif á mat á virði hlutabréfanna.

Stefna um upplýsingagjöf ætti einnig að veita upplýsingar um þætti sem snúa að framkvæmd, s.s. :

- Hver sé ábyrgur fyrir dreifingu upplýsinga til innra og ytra umhverfis.
 - Hver sé opinber talsmaður félagsins ásamt upplýsingum um hvernig megi nálgast þann aðila. Til þess að tryggja samfellu í upplýsingagjöfinni, samhæfa skilaboð til ólíkra

markhópa og koma í veg fyrir upplýsingaleka þarf að liggja fyrir hverjum er heimilt að tjá sig opinberlega fyrir hönd félagsins. Talsmaður verður að hafa heildarsýn yfir stöðu mála. Oft og tíðum er forstjóri og/eða fjármálastjóri forsvarsmaður félagsins í samskiptum við hluthafa, markaðsaðila og fjölmiðla, s.s. á fjárfestafundum og kynningarfundum með greiningaraðilum.

- Verklag í tengslum við:
 - gerð og birtingu opinberra tilkynninga til markaðsins
 - orðróm og upplýsingaleka
 - birtingu upplýsinga á vefsetrinu
 - samskipti við eftirlitsaðila
 - aðalfundi og upplýsingafundi fyrir markaðsaðila og fjölmiðla
 - samskipti við fjölmiðla

FJÁRFESTATENGLS /

Viðfangsefni fjárfestatengsla eru samskipti – annars vegar að koma á framfæri upplýsingum og hins vegar að vinna úr viðbrögðum við upplýsingagjöfinni með það að leiðarljósi að auka skilning markaðsaðila á félaginu sem fjárfestingarkosti.



Mikilvæg markmið áætlunar um fjárfestatengsl eru:

- Að móta verklag sem tryggir að meðferð og miðlun upplýsinga uppfylli ákvæði laga og reglna
- Að móta upplýsingastefnu sem uppfyllir lög og reglur; upplýsingastefnu sem er gagnsæ, heiðarleg og samkvæm, þ.á m. að upplýsingum sé miðlað til markaðsins hvort sem þær eru jákvæðar eða neikvæðar fyrir félagið
- Að styrkja ásýnd félagsins svo saga þess (e. Equity Story) komist til skila a.m.k. til jafns við aðra sambærilega fjárfestingarkosti á markaðnum
- Að verðmæti félagsins endurspeglar á rökréttan hátt í verðmati markaðsins á hlutabréfunum

VEFSETUR /

Æskilegt er að hafa sérstakt svæði á vefsetri félagsins með upplýsingum fyrir fjárfesta og aðra hagsmunaaðila.

Allar upplýsingar sem eru birtar markaðnum opinberlega skv. lögum og reglum skulu vera aðgengilegar á vefsetrinu í þrjú ár hið minnsta.

Eftirfarandi upplýsingar skulu vera aðgengilegar á vefsetrinu:

- Opinberar tilkynningar
- Ársuppgjör og milliuppgjör
- Skráningarskjal/lýsing
- Samþykktir félagsins
- Upplýsingar um stjórnarmenn og lykilstarfsmenn
- Heiti viðurkennds ráðgjafa og upplýsingar um hvernig megi nálgast hann
- Heiti tengiliðar sem hægt er að beina spurningum til og hvernig megi nálgast hann

Mælt er með að hafa eftirfarandi upplýsingar aðgengilegar á vefsetrinu:

- Upplýsingar um starfsemi, stefnu og framtíðarsýn
- Dagatal – s.s. fyrirhuguð birting uppgjöra og dagsetning aðalfundar
- Stefna í upplýsingagjöf
- Upplýsingar um stjórnarhætti félagsins
- Listi yfir stærstu hluthafa
- Markaðsupplýsingar

Stjórnendur félags bera ábyrgð á upplýsingagjöf til markaðsins. Það er því lykilatriði að þeir komi að því að móta stefnu í upplýsingagjöf og fjárfestatengslum. Hlutverk viðurkennds ráðgjafa er að veita stjórnendum leiðbeiningar um upplýsingagjöfina.

REIKNINGSSKILASTAÐLAR /

Félögum, sem hafa hlutabréf skráð á First North, er ekki skylt að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð reikningsskila (e. IFRS – International Financial Reporting Standards).

STJÓRNARHÆTTIR FYRIRTÆKJA /

Á síðari árum hefur orðið mikil vitundarvakning um mikilvægi vandaðra stjórnarháttanna við að renna styrkari stoðum undir atvinnulífið. Vandaðir stjórnarhættir eru ekki eingöngu öflugt tæki til þess að stuðla að skilvirkni í rekstri heldur einnig til þess að efla trúverðugleika gagnvart hluthöfum, viðskiptavinum og öðrum hagsmunaaðilum. Í samstarfi við Viðskiptaráð Íslands og Samtök atvinnulífsins hefur Nasdaq Iceland gefið út

LEIÐBEININGAR UM STJÓRNARHÆTTI FYRIRTÆKJA.

Leiðbeiningarnar má nálgast á vefsetri Nasdaq: www.nasdaqomx.com

Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti býður upp á þjónustu í tengslum við mat á stjórnarháttum fyrirtækja. Rannsóknarmiðstöðin er starfrækt í tengslum við Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands: <http://www.stjornarhaettir.is>

VIÐSKIPTAVAKT /

Eðli málsins samkvæmt er framboð og eftirspurn eftir hlutabréfum smærri félaga gjarnan minni en stærri félaga á markaði, þ.e., seljanleiki bréfanna er minni. Leið til að bæta verðmyndun hlutabréfa sem eru með lítinn seljanleika er að gera samning um viðskiptavakt við viðskiptavaka.

Viðskiptavaki er fjármálafyrirtæki sem hefur aðild að Nasdaq Iceland. Þjónusta viðskiptavaka felst í því að greiða fyrir að markaðsverð skapist á hlutabréfunum. Það gerir viðskiptavakinn með því að setja fram kaup- og sölutilboð í viðskiptakerfi Nasdaq í samræmi við ákvæði samningsins og ákvæði laga og reglna sem gilda um viðskiptavaka.

Nasdaq Iceland býður upp á námskeið fyrir stjórnendur félaga um málefni sem tengjast skráningarskilyrðum og upplýsingagjöf á markaði. Stjórnendum er alltaf velkomið að hafa samband til að afla upplýsinga um skráningarskilyrði, upplýsingagjöf á markaði og annað sem tengist skráningu verðbréfa á verðbréfamarkaði.

Hvað tekur ferlið langan tíma?

UNDIRBÚNINGSFERLIÐ /

Tímalengdin á undirbúningsferlinu er háð því hversu langan tíma tekur að gera hlutabréfin skráningarhæf, þ.á m. að framkvæma kostgæfnisathugun (e. Due Diligence) og aðlaga félagið að skráningarkröfum. Tímalengdin er einnig háð því hversu mikinn tíma stjórn og framkvæmdastjórn hafa til að sinna verkefnum sem tengjast undirbúningsferlinu samhliða því að sinna rekstrinum. Reynslan hefur sýnt að það getur verið mikið hagræði í því að tilnefnda aðila í verkefnahóp og skilgreina nákvæma tímalínu sem er ásættanleg fyrir alla aðila í hópnum. Reglulega ætti að upplýsa lykilstarfsmenn, sem ekki koma að ferlinu, um gang mála. Hvatt er til að félagið óski eftir fundi með Nasdaq Iceland fljótlega í undirbúningsferlinu.

Þættir sem m.a. koma til skoðunar í undirbúningsferlinu:

- Þarf að breyta félagaforminu? Hlutaskírteini í einkahlutafélagi (ehf.) eru ekki skráningarhæf.
- Þarf að breyta samþykktum félagsins?
- Þarf að gera breytingar á stjórn og/eða framkvæmdastjórn félagsins?
- Þarf að innleiða breytingar á stjórnarháttum?
- Þarf að endurskoða samninga – t.d. kaupréttarsamninga við starfsmenn?
- Þarf að breyta ferlum í tengslum við fjárhagslegar upplýsingar?
- Þarf að breyta ferlum í tengslum við upplýsingagjöf til innra og ytra umhverfis. Slíkir ferlar verða að uppfylla kröfur um meðferð innherjaupplýsinga.
- Þarf að gera miklar breytingar á vefsetrinu?

Það er ráðlegt að byrja snemma að móta félag, sem ætlunin er að láta vaxa og dafna á markaði, með hliðsjón af skráningarkröfum. Auk þeirra þátta sem tilgreinir eru hér að framan þarf einnig að vinna að því að þróa viðskiptalíkan sem vekur athygli og áhuga fjárfesta.

Huga þarf að ýmsum ólíkum þáttum í aðdraganda skráningar. Slík undirbúningsvinna skilar jákvæðum árangri þó hún sé unnin í styttri áföngum. Þegar markaðsglugginn opnast er það óyggjandi kostur að geta með stuttum aðlögunar- og undirbúningsstíma nýtt þann möguleika að afla fjármagns með skráningu á markað.

SKRÁNINGARFERLIÐ /

Skráningarferlið nær yfir tímabilið frá því að formlega er óskað eftir skráningu hlutabréfanna á First North fram til skráningardagsins, þ.e. fyrsta viðskiptadags með hlutabréfin. Ef félagið uppfyllir öll skráningarskilyrði og ef skráningarumsóknin er heildstæð og ekki þörf á að kalla eftir nánari upplýsingum eða frekari gögnum má reikna með að skráningarferlið taki að hámarki 3 vikur. Til að koma í veg fyrir tafir í skráningarferlinu er mikilvægt að hafa að leiðarljósi vandaða vinnu í undirbúningsferlinu og í tengslum við öll gögn sem fylgja skráningarumsókninni.

Eftirlitssvið Nasdaq Iceland yfirfer skráningarumsóknina m.t.t. skráningarskilyrða. Skráningarnefnd Nasdaq Iceland tekur ákvörðun um hvort hlutabréfin verði skráð á First North.

SKRÁNINGARDAGURINN – FYRSTI VIÐSKIPTADAGUR /

Á skráningardeginum býður Nasdaq Iceland félaginu, viðurkenndum ráðgjafa og fjölmiðlum til skráningarathafnar þar sem áfanganum er fagnað. Fulltrúar frá félaginu opna markaðinn með því að hringja Kauphallarbjöllunni og viðstaddir fylgjast með fyrstu viðskiptunum.

Félagið og Viðurkenndur Ráðgjafi

-15 DAGAR

Fundur með
Nasdaq Iceland

Skráningarumsókn
Lögð fram

-8 DAGAR

Fullbúin umsókn

-2 DAGAR

Skráningarskjal/lýsing
birt á vefsetri félagsins

-15 DAGAR

Upplýsingar um
flokkun félagsins í
atvinnugreinavísitöluflokk

-4 DAGAR

Skráning samþykkt

-3 DAGAR

Markaðstilkynning

FYRSTI VIÐSKIPTADAGUR

Kauphallarbjöllunni hringt

Hver er kostnaðurinn?

Heildarkostnaður fram að skráningardegi er háður því hvers konar sérþekkingu þarf til og hversu langan tíma það tekur að gera hlutabréfin skráningarhæf, þ.á m. að aðlaga innviði félagsins svo stjórnendur geti uppfyllt þær kröfur sem felast í skráningunni.

Kostnaðarliðir vegna skráningar á First North:

- Nasdaq Iceland – First North skráningargjald og árgjald
- Viðurkenndur ráðgjafi – þjónustusamningur
- Verðbréfaskráning Íslands – rafræn skráning hlutabréfanna
- Endurskoðandi – endurskoðað ársuppgjör, hvorki krafa um að hálfársuppgjör sé endurskoðað né kannað

- Skráningargögn
 - Skráningarskjal
 - Lýsing, ef almennt útboð – aðkoma fjármálafyrirtækis

- Vefsetur

- Birting opinberra tilkynninga í gegnum upplýsingamiðil sem uppfyllir þær kröfur sem settar eru fram í reglum Fjármálaeftirlitsins

Aðrir kostnaðarliðir sem gætu tengst skráningunni:

- Endurskoðandi – s.s. reikningsskil og breytingar á innri ferlum
- Lögmaður – s.s. breytingar á samþykktum félagsins
- Fjármálafyrirtæki – s.s. markaðssetning og sala á hlutabréfum til almennra fjárfesta og/eða fagfjárfesta, viðskiptavakasamningur
- Ráðgjafi á sviði stjórnarhátta fyrirtækja
- Ráðgjafi á sviði fjárfesta- og almannatengsla

- Tími stjórnenda og starfsmanna sem taka þátt í undirbúnings- og/eða skráningarferlinu
- Tími stjórnenda og starfsmanna sem sinna verkefnum sem tengjast skráningunni eftir að hlutabréfin hafa verið skráð, þ.á m. regluvörslu og fjárfestatengslum

Þjónusta

Nasdaq býður upp á ýmsa þjónustu sem miðar að því að auðvelda skráðum félögum að miðla upplýsingum til ólíkra aðila sem tengjast markaðnum í samræmi við lög og reglur, s.s. eftirlitsaðila, hluthafa og annarra fjárfesta, kauphallaraðila og fjölmiðla:

- Opinber birting tilkynninga
- Birting opinberra tilkynninga á vefsetri félagsins
- Birting markaðsupplýsinga á vefsetri félagsins – þ.m.t. verðþróun hlutabréfanna

Upplýsingar um fyrirtækjaþjónustu Nasdaq:
business.nasdaq.com/intel/index.html

Gagnlegir tenglar

- Fjármálaeftirlitið (FME)
Yfirferð og staðfesting lýsingar og regluvarsla, þ.m.t. innherjalistar
www.fme.is
- Verðbréfaskráning Íslands
Rafræn skráning verðbréfa
www.vbsi.is

- Nasdaq
 - Reglur Nasdaq First North
Umsóknareyðublaðið er í Appendix B
www.nasdaqomx.com/nordicrules
 - Listi yfir viðurkennda ráðgjafa (e. Certified Advisers)
www.nasdaqomx.com/firstnorth
 - Upplýsingar um skráða fjármálagerninga
www.nasdaqomxnordic.com

NÁNARI UPPLÝSINGAR

ALMENN FRÆÐSLA

SKRÁNINGARSKILYRÐI

UPPLÝSINGASKYLDI Á MARKAÐI

HAFÐU SAMBAND

SKRÁNINGARVIÐ NASDAQ ICELAND

LISTINGICELAND@NASDAQ.COM

SÍMI 525 2800

